

Svar Skipulagsstofnunar við erindi Þeistreykja ehf. dags. 2. desember 2009.

Rut Kristinsdóttir

to:

albert, audur, geirarnar

07.12.2009 15:02

Show Details

History: This message has been forwarded.

Sæl öll.

Meðfylgjandi er svar Skipulagsstofnunar við erindi Þeistareykja ehf. dags. 2. desember 2009 og verður póstlagt á morgun.

Kveðja, Rut Kristinsdóttir

2009020060

6612; 9310

Landsvirkjun  
Albert Guðmundsson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2009

/--

**Efni: Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun Þeistareykjavirkjunar, allt að 200 MW jarðhitavirkjun. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar til framkvæmdaraðila í kjölfar ákvörðunar.**

Fimmtudaginn 19. nóvember 2009 var haldinn fundur með Skipulagsstofnun um ákvörðun stofnunarinnar frá 6. nóvember sl. um tillögu að matsáætlun fyrir allt að 200 MW<sub>e</sub> Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi, sem er hluti matsáætlunar, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000. Á fundinum voru fulltrúar framkvæmdaraðila sem koma að sameiginlega matinu og fulltrúar Skipulagsstofnunar.

Tilgangur fundarins var að fara yfir ákvörðun Skipulagsstofnunar og leita skilnings á nokkrum atriðum sem þar koma fram. Þar er um að ræða umfjöllun um kost á nýjum vegi norðan Þeistareykja og mat á áhrifum framkvæmdar umfram þann kost sem Þeistareykir ehf. telja koma til greina og kynntur var í tillögu að matsáætlun. Einnig hvað felast eigi í samanburði kosts á nýjum vegi eftir núverandi veglínu við vegkost framkvæmdaraðila. Jafnframt er um að ræða umfjöllun um mögulega hitaveitulögn frá Þeistareykjum til Húsavíkur og mat á umhverfisáhrifum slíkrar framkvæmdar.

Ákveðið var á fundinum að Þeistareykir ehf. sendu inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar þar sem farið yrði yfir sameiginlegan skilning og leiðbeiningar um samræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu um framangreind atriði. Skipulagsstofnun barst erindi Þeistareykja ehf. í tölvupósti dags. 2. desember 2009 þar sem greint er frá því hvernig framkvæmdaraðili fyrirhugar að koma til

móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, byggt á gögnum sem þegar liggja fyrir. Skipulagsstofnun felst á hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma til móts við athugasemdir stofnunarinnar, en gerir þó eftirfarandi athugasemdir sem skýra frekar það sem fram kom í ákvörðun stofnunarinnar frá 6. nóvember sl. en telur jafnframt rúmast innan þess skilnings framkvæmdaraðila sem fram kom í minnisblaði þeirra.

## Hitaveitulögn

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili greini vel frá stöðu málsins og telur að það sú umfjöllun eigi að skila sér í frummatsskýrslu.

## Vegur norðan Þeistareykja

*„Framkvæmdaraðili tekur fram að í ljósi þess að svæðisskipulag fyrir umrætt svæði var staðfest áður en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar hefur farið fram er framkvæmdaraðili bundinn af þeim tillögum sem settar eru fram í skipulagsáætluninni. Má í því sambandi vísa til 27. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem fram kemur að framkvæmdaleyfi skulu vera til samræmis við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum. Þar sem ákvarðanir um veglínu eru teknar á svæðisskipulagsstigi getur það reynst framkvæmdaraðila erfitt að færa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki slíkri ákvörðun sveitarfélaga.“*

Skipulagsstofnun bendir á að þrátt fyrir að framkvæmdaleyfi skuli vera í samræmi við skipulagsáætlun getur sá möguleiki komið upp að í kjölfar mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar, sem byggir á ítarlegri upplýsingum um tiltekna framkvæmd en lágu fyrir á áætlunarstigi, telji sveitarfélagið æskilegt að gera breytingar á gildandi skipulagi.

Þar sem framkvæmdaraðili telur sig bundinn af ákvörðun sem tekin var á svæðisskipulagsstigi um veglínu norðan Þeistareykja þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir hvaða rök lágu til grundvallar því að umrædd veglína var valin, sem ætti að koma fram í greinargerð svæðisskipulagsins.

## Annað

Skipulagsstofnun minnir á fyrri ábendingu um að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir grunnvatnsrannsóknnum og kostum við öflun neysluvatns og vatnslagnir sem kunna að vera aðrir en ÞR-09.

Minnt er á ábendingar um að gerð verði grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku úr námu við Jónsnípu, hvað í veginn, línuveg og virkjunargrunna og hvert efni mætti sækja í virkjunargrunna ef ekki yrði af veginum, efni í línuveg gæti komið úr námunni eftir línuveginum.

Einnig þarf að koma fram í frummatsskýrslu að verði ÞR-09 notuð þá liggur þangað vegslóð sem nýtist fyrir vatnslögn þó vegur færi aðra leið, það eru því ekki rök fyrir veginum skv. fyrirbyggjandi tillögu að ef hann kæmi ekki þyrfti nýjan vega að holunni.

Rut Kristinsdóttir



# NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

MÓTTEKIÐ

18. jan. 2010

Landsvirkjun Power


Landsvirkjun  
B.t. Alberts Guðmundssonar  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Húsavík 14. janúar 2010

Efni: Vegna bréfs yðar dags 11.01.2010, tilv. 62 THR- 010

Eins og fram kemur í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, kafla 6.6 liggja ekki á þessu stigi fyrir nein mótuð framkvæmdaáform um að nýta heitt affalsvatn frá Þeistareykjavirkjun til húshitunar og iðnaðarstarfsemi á Húsavík. Því staðfestist hér með að engin áform eru um hitaveitu meðfram fyrirhuguðum virkjunarvegi.

Virðingarfyllst,

  
Bergur Elías Guðmundsson  
sveitarstjóri



## ÞEISTAREYKIR ehf.

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Tilv. vor: 62 THR- 010

Reykjavík, 02.12.2009

**Málefni: Matsáætlun fyrir Þeistareykjavirkjun. Allt að 200 MW, jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Fyrirspurn til Skipulagsstofnunar.**

Fimmtudaginn 19. nóvember 2009 var haldinn fundur með Skipulagsstofnun um ákvörðun stofnunarinnar frá 6. nóvember sl. um tillögu að matsáætlun fyrir allt að 200 MW Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi, sem er hluti matsáætlunar, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000. Á fundinum voru fulltrúar framkvæmdaraðila sem vinna að mati á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar og fulltrúar Skipulagsstofnunar sem koma að verkefninu fyrir hönd stofnunarinnar.

Tilgangur fundarins var að fara yfir ákvörðun Skipulagsstofnunar og leita skilnings á nokkr-um atriðum sem þar koma fram. Þar er um að ræða umfjöllun um kost á nýjum vegi norðan Þeistareykja og mat á áhrifum framkvæmdar umfram þann kost sem Þeistareykir ehf. telja koma til greina og kynntur var í tillögu að matsáætlun. Einnig er um að ræða skilning á hvað felast eigi í samanburði kosts á nýjum vegi eftir núverandi veglinu við vegkost framkvæmdaraðila. Jafnframt er um að ræða umfjöllun um mögulega hitaveitulögn frá Þeistareykjum til Húsavíkur og mat á umhverfisáhrifum slíkrar framkvæmdar.

Ákveðið var á fundinum að Þeistareykir ehf. sendu inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar þar sem farið yrði yfir sameiginlegan skilning og leiðbeiningar um samræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu um framangreind atriði. Í fyrirspurninni yrði greint frá því hvernig framkvæmdaraðili fyrirhugar að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun, byggt á gögnum sem þegar liggja fyrir. Hér á eftir er gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili áformar að fjalla um eftirfarandi þætti í frummatsskýrslu og er óskað eftir athugasemdum og samþykki Skipulagsstofnunar varðandi það hvort umfjöllunin teljist vera í samræmi við matsáætlun samkvæmt skilningi stofnunarinnar.

### **Hitaveitulögn**

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hugsanlega hitaveitulögn meðfram nýjum vegi milli Þeistareykja og Húsavíkur sbr. eftirfarandi:

*„Í fyrsta lagi er í því sambandi bent á að í svæðisskipulagi (kafla 5.2.4) er við leiðaval tekið mið af því að mögulegt verði að leggja hitaveitu meðfram veginum. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um rök fyrir því að þörf verði á slíkri hitaveitu. Þá þarf að gera rökstuddan samanburð á gerð slíks mannvirkis annars vegar meðfram nýjum vegi er lægi sem mest eftir og í nágrenni við núverandi veg og hins vegar meðfram vegi skv. svæðisskipulaginu. Í slíkum samanburði yrði ekki aðeins horft til vegalengdar heldur einnig tæknilegra þátta er varða legu/byggingu/rekstur slíkrar lagnar, jarðtæknilegra aðstæðna og umhverfisáhrifa, áhrifa á náttúru og sjónræn áhrif“.*

Í lið 5.2.4 í greinargerð svæðisskipulagsins þar sem fjallað er um „Mat á skipulagskostum fyrir legu vega“ kemur fram að við ákvörðun á veglínu á milli orkuvinnslusvæðis á Þeistareykjum og Húsavíkur var einnig tekið mið af því að í framtíðinni verði möguleiki á að leggja hitaveitulög meðfram veginum.

Þeistareykir ehf. benda á að á þessu stigi eru hvorki áform um varmastöð sem hluta af Þeistareykjavirkjun né hitaveitulögn frá Þeistareykjum til Húsavíkur. Í sjötta kafla greinargerðar með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er gerð grein fyrir staðfestri skipulagstillögu. Þó fram komi í kafla 6.6 í greinargerðinni að hugsanlegt sé að með virkjun háhitasvæðisins á Þeistareykjum gefist kostur á hitaveitu þaðan til Húsavíkur, þá kemur þar einnig fram að ekki liggja á þessu stigi fyrir nein mótuð framkvæmdaáform að þessu leyti samanber eftirfarandi:

*„Hugsanlegt er að með virkjun háhitasvæðisins á Þeistareykjum gefist kostur á hitaveitu þaðan til Húsavíkur þannig að heitt affallsvatn frá virkjuninni nýtist til húshitunar og iðnaðarstarfsemi þar. Ekki liggja á þessu stigi fyrir nein mótuð framkvæmdaáform að þessu leyti.*

*Í svæðisskipulaginu felst heimild til þess að leggja hitaveitulögn frá Þeistareykjum að Húsavík sbr. markmið sveitarfélaganna (kafla 3.2.3). Miðað er við að lögnin fylgi aðalvegi í meginatriðum í samræmi við markmið sveitarfélaganna um samþættingu mannvirkja.*

*Lega hugsanlegrar hitaveitulagnar er sýnd á svæðisskipulagsuppdrætti meðfram vegi til norðurs frá Þeistareykjum. Lega lagnar innan orkuvinnslusvæðis er ekki sýnd. Nákvæm lega verður skilgreind nánar í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga og í deiliskipulagi orkuvinnslusvæðisins. Ekki þarf að breyta svæðisskipulaginu þótt breytingar verði gerðar á á legu hitaveitulagnarinnar í samræmi við hönnun vegar sbr. ákvæði um virkjanaveg í kafla 6.5.1.*

*Hitaveitulögnin kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. ákvæði 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (106/2000). Tilkynna ber framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sem metur hvort áhrif hennar beri að meta sérstaklega“.*

Þó það sé stefna viðkomandi sveitarfélaga, samkvæmt staðfestu svæðisskipulagi, að hugsanleg hitaveitulögn fylgi aðalvegi frá Þeistareykjum að Húsavík, einhvern tíma í framtíðinni, er hitaveitulögn ekki hluti af fyrirhugaðri framkvæmd við Þeistareykjavirkjun og hafa Þeistareykir ehf. engin áform um slíka framkvæmd. Þeistareykir ehf. geta því ekki orðið við tilmælum Skipulagsstofnunar um að gera grein fyrir framkvæmd við hitaveitulögn og umhverfisáhrifum hennar, hvorki meðfram eða í nágrenni við núverandi veg, né meðfram virkjunarvegi samkvæmt svæðisskipulagi.

Eins og fram kemur í kafla 6.6 í greinargerð með svæðisskipulagi heyrir framkvæmd

við hitaveitulögn undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Verði einhvern tíma í framtíðinni tekin ákvörðun um hitaveituframkvæmd á Þeistareykjum og hitaveitulögn þaðan mun viðkomandi framkvæmdaraðili, hugsanlega annar er Þeistareykir ehf., þurfa að kynna þau áform fyrir viðeigandi sveitarfélögum og skipulagsyfirvöldum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin fái þá málsmeðferð í samræmi við gildandi lög, þar á meðal lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög.

Á framangreindum fundi kom fram hjá Skipulagsstofnun að þar sem engin áform væru um lagningu hitaveitulagnar frá Þeistareykjum til Húsavíkur væri nægjanlegt að birta í frummatsskýrslu yfirlýsingu viðkomandi sveitarfélaga þess efnis að ekki væru nein áform um hitaveitulögn frá Þeistareykjum til Húsavíkur.

### **Vegur norðan Þeistareykja**

Í niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar er bent á að framkvæmdaraðili vísi til þess umhverfismats sem fram fór við gerð svæðisskipulags þar sem fjallað er um vegi í tillögu að matsáætlun. Í ákvörðuninni segir:

*„Í frummatsskýrslu þarf að koma fram mun nánari umfjöllun og samanburður kosta við lagningu vegar norðan Þeistareykja“.*

Á fundinum með Skipulagsstofnun kom fram að átt er við kafla nýs vegar frá Þeistareykjum þar sem vikið er af núverandi vegi norðan Þeistareykja í átt að Höfuðreiðarmúla. Athugasemd sinni til stuðnings bendir Skipulagsstofnun á nokkur atriði úr greinargerð með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 varðandi umfjöllun um veg milli Húsavíkur og Þeistareykja. Framkvæmdaraðili tekur fram að í ljósi þess að svæðisskipulag fyrir umrætt svæði var staðfest áður en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar hefur farið fram er framkvæmdaraðili bundinn af þeim tillögum sem settar eru fram í skipulagsáætluninni. Má í því sambandi vísa til 27. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem fram kemur að framkvæmdaleyfi skulu vera til samræmis við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum. Þar sem ákvarðanir um veglínu eru teknar á svæðisskipulagsstigi getur það reynst framkvæmdaraðila erfitt að færa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki slíkri ákvörðun sveitarfélaga. Hér á eftir verður þó gerð grein fyrir skilningi framkvæmdaraðila og hvernig áformað er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar í samræmi við matsáætlun.

Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að fjallað verði um kosti í sérstökum kafla. Þar undir verði m.a. fjallað um þá útfærslu á virkjunarvegi að fylgja núverandi vegi norðan við Þeistareyki. Hér á eftir er gerð grein fyrir hvernig Þeistareykir ehf. áforma að bera þann kost saman við að nýr vegur verði í samræmi við staðfest svæðisskipulag. Í umfjölluninni er vísað til athugasemda Skipulagsstofnunar í ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í ljósi niðurstöðu samanburðar á fyrrgreindum kostum í kafla um aðrar útfærslur munu Þeistareykir ehf. gera grein fyrir hvað þeir telja koma til greina sem raunhæfan kost á veglínu norðan Þeistareykja. Samanburður verður byggður á fyrirliggjandi gögnum um náttúrufar, jarðfræði, gróður, landslag, fugla, umfang framkvæmdar og samræmi við stefnu svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Í frummatsskýrslu mun verða gerð grein fyrir framkvæmd og mati á umhverfisáhrifum þeirrar útfærslu sem talin er koma til greina sem raunhæfur kostur varðandi þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í matsáætlun.

### **Áhrif á landslag, náttúrufer og náttúruvernd**

Skipulagsstofnun bendir á að fjalla þurfi um samanburð áhrifa kosta á virkjunarvegi norðan Þeistareykja á náttúrufer og náttúruvernd og vísar í því sambandi á eftirfarandi hátt í umhverfisskýrslu svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

*„Í öðru lagi er bent á að í svæðisskipulaginu er undirstrikað að við hönnun vegar muni ráðast hvort áhrif veglagningar á landslag verði óveruleg eða mikil. Ný veglína fari um hálfgróid óraskað hraun frá nútíma og hafi því áhrif á náttúrufer og náttúruvernd með því að raska landi og landslagsheild. Í frummatsskýrslu þarf því að fjalla ýtarlega um samanburð kosta í þessu ljósi“.*

Þeistareykir ehf. hafa ekki talið koma til greina sem raunhæfan kost að virkjunarvegur fylgi núverandi veglínu. Vísa Þeistareykir fyrst og fremst til þess að það er ekki í samræmi við stefnu sveitarfélaganna, sem hefur verið staðfest í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Af þessum sökum er í tillögu að matsáætlun ekki gert ráð fyrir að meta til fulls umhverfisáhrif af þeim kosti. Þar af leiðandi hafa rannsóknar- og athugunarsvæði varðandi þá þætti sem Skipulagsstofnun nefnir hér að framan ekki náð að öllu leyti til núverandi veglínu. Því eru ekki fyrir hendi sambærileg gögn varðandi alla þætti fyrir báða kosti til samanburðar.

Landfræðileg greining hefur verið gerð á svæði sem nær til beggja kosta. Til er jarðfræðikort á báðum veglínunum, þannig að bera má saman áhrif á jarðmyndanir. Gróðurkort er til af nýrri veglínu samkvæmt svæðisskipulagi og sérfræðingar gerðu vettvangskannanir á gróðri og fuglalífi. Slík gögn eru ekki til fyrir núverandi veglínu. Eins og rætt var á fyrrgreindum fundi er gert ráð fyrir í samanburði kosta að álykta að landslag og náttúrufer séu nokkuð einsleit fyrir báða kosti og því sé hægt að byggja samanburð á fyrirliggjandi gögnum.

Talið er að bera megi umrædda kosti saman varðandi þætti tengda áhrifum á náttúrufer vegna nálægðar við athugunarsvæði í samræmi við kost samkvæmt svæðisskipulagi og þess að til eru ljósmyndir og loftmyndir af núverandi vegi. Auk þess sem til er gróðurflokkun af báðum veglínunum (Landbúnaðarháskóli Íslands, 2002). Þá eru einnig fyrir hendi gögn fyrir báða kosti hvað varðar náttúruminjar.

Í kafla um aðrar útfærslur framkvæmdar í frummatsskýrslu áforma Þeistareykir ehf. að gera grein fyrir framangreindum atriðum og mun samanburður byggjast á fyrirliggjandi gögnum.

### **Hönnunarforsendur vegar**

Skipulagsstofnun vísar í umhverfisskýrslu svæðisskiplags háhitasvæða varðandi það að bera þurfi saman tvo framangreinda kosti á veglínu varðandi vetrarfærð, samanber eftirfarandi:

*„Í þriðja lagi er því haldið fram í svæðisskipulaginu að óbreytt veglína norðan Þeistareykja sé talin torfærari á veturnum en ný veglína sem sett er fram. Í frummatsskýrslu þarf að gera rökstuddan samanburð á þessum þætti sem byggður er á hönnunarforsendum nýs vegar á báðum leiðum“.*

Framkvæmdaraðili hefur unnið að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar og virkjunarvegur í samvinnu við yfirvöld skipulags- og umhverfismála frá því snemma á árinu 2007. Í samræmi við opinbera stefnumörkun sem staðfest var í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er

fyrirhugaður kostur á veglínu norðan Þeistareykja samkvæmt tillögu Þeistareykja ehf. að matsáætlun innan þess mannvirkjabeltis sem þar er afmarkað fyrir veg, háspennulínu að hluta og hugsanlega hitaveitulögn. Sá kostur að leggja nýjan veg eftir óbreyttri veglínu norðan Þeistareykja er ekki í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og var af þeim sökum ekki til umfjöllunar í tillögunni. Í frummatsskýrslu verður til samanburðar vegi eftir veglínu norðan Þeistareykja samkvæmt svæðisskipulagi gerð grein fyrir mögulegum vegi sem fylgir sem mest núverandi vegi. Tillaga að vegi samkvæmt þessum kosti, sem sýnd verður á korti, mun byggja á fyrirliggjandi loftmyndum og kortagrunni. Lagt verður mat á umfang vegar, einnig skeringar og fyllingar. Þá verður fjallað um hugsanlega snjósöfnun með tilliti til vetrarfærðar á vegi sem fylgdi núverandi vegi.

Í samanburði kosta verður í frummatsskýrslu fjallað um tengsl virkjunarvegar við aðra þætti fyrirhugaðrar framkvæmdar við Þeistareykjavirkjun og hverju það muni breyta varðandi umfang framkvæmda, áhrifasvæði og heildaráhrif. Kosturinn við að fara í vegagerð eftir nýrri veglínu eru m.a. tengingar við aðra fyrirhugaða framkvæmdaþætti Þeistareykja-virkjunar. Þar á meðal eru fyrirhugað vatnsból fyrir virkjunina við vatnskönnunarholu PR-09 í námunda við Skildingahól. Þaðan er fyrirhugað að leggja vatnslögn við hlið virkjunarvegar að starfsmannaðstöðu og stöðvarhúsi virkjunarinnar. Einnig má nefna fyrirhugað efnistökusvæði austan Jónsnípu, en þangað eru um 3 km frá núverandi vegi og þyrfti sérstakan veg þangað ef nýr virkjunarvegur fylgdi núverandi vegi. Einnig þyrfti þá sér aðkomuveg og lagnaleið að fyrrnefndu vatnsbóli. Þá er gert ráð fyrir að vinnurafmagn verði leitt að Þeistareykjum um jarðstreng frá Kópaskerslínu meðfram nýjum vegi. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir hve löngum kafla af 11 km leið milli Þeistareykja og Höfuðreiðarmúla yrði mögulega hlíft við framkvæmdum ef nýr vegur fylgdi núverandi vegi.

### **Línuvegur**

Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun þurfi að gera grein fyrir legu fyrirhugaðs línuvegar Landsnets miðað við tvo kosti virkjunarvegar norðan Þeistareykja, samkvæmt eftirfarandi í ákvörðun stofnunarinnar.

*„Ljóst er að ef vegur norðan Þeistareykja færi með núverandi vegi þyrfti að leggja línuveg vegna byggingar háspennulínu, miðað við fyrirhugaða legu hennar. Í frummatsskýrslu þarf til upplýsingar að gera grein fyrir legu línuvegar annars vegar miðað við að meginvegur verði samkvæmt því sem matsáætlun gerir ráð fyrir og hins vegar ef meginvegur fylgdi núverandi vegi“ .*

Það er á hendi Landsnets hf. sem framkvæmdaraðila línanna að gera grein fyrir framkvæmd við línuveg við Þeistareykjalínu 1. Eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun verður í frummatsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun gerð grein fyrir tengdum framkvæmdum, þar á meðal háspennulínunum að því marki sem gögn leyfa. Umfjöllun um línuveg norðan Þeistareykja mun byggja á gögnum frá Landsneti hf.

Í frummatsskýrslu um Þeistareykjavirkjun í kafla um kosti, þar sem fjallað verður um aðrar útfærslur á framkvæmd, verður samkvæmt gögnum frá Landsneti m.a. gerð grein fyrir afstöðu fyrirhugaðra línuvega til nýs vegar samkvæmt svæðisskipulagi annars vegar og til nýs vegar sem fylgdi núverandi vegi norðan Þeistareykja. hins vegar.



## Annað

Þeistareykir ehf. benda á að framkvæmd við vegslóða að kjarnaholu ÞR-07 sunnan við Skildingahól var tilkynningarskyld og tók Skipulagsstofnun þann 1. júní 2007 ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki matsskyld. Í ákvörðuninni var meðal annars vísað til þess að sama veglína gæti hugsanlega nýst fyrir framtíðarveg. Um er að ræða 3 km kafla umræddrar nýrrar veglínu samkvæmt svæðisskipulagi af alls um 10 km leið frá því hún víkur af núverandi vegi norðan Þeistareykja þar til hún sameinast Reykjaheiðarvegi norðan Höfuðreiðarmúla.

Virðingarfyllst



f.h. Þeistareykja ehf.  
Albert Guðmundsson  
verkefnisstjóri

## Tilvísun

Landbúnaðarháskóli Íslands, 2002. *Nytjaland - Jarðabók Íslands, gróðurflokkun. IS 50V gagnagrunnur útgáfa 2.0*, 1:50.000. Landmælingar Íslands.